

- 66 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Framtíðarsjóð Mýra-
15. júní sýslu útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
15. júní 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Framtíðarsjóð Mýrasýslu.

1. Sjóðurinn er stofnaður af sýslunefnd Mýrasýslu 1919 þannig að sýslunefndarmenn gáfu laun sín á einum fundi og er upphæð hans nú kr. 547.49.
2. Sýslunefnd Mýrasýslu hefir umsjón og yfirráð sjóðsins og leitast við að efla hann með fjárframlögum og stuðla að því að hver sýslunefndarmaður gefi sjóðnum að minsta kosti hálf laun sín í fyrsta sinn, er hann situr á sýslufundi, og skal haldinn skrá yfir gefendur.
3. Sjóðurinn sje ávaxtaður í sparisjóði Mýrasýslu, eða annnari tryggri peningastofnun þartil upphæð hans er orðin kr. 1,000,000. — ein milljón krónur — og skal oddviti sýslunefndar gera reikning sjóðsins árlega og leggja fram á sýslufundi.
4. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, er getið er um í 3. gr., skal sýslunefnd Mýrasýslu ráðstafa vöxtunum af sjóðnum til eflingar því, er henni þykir mestu varða um velferð sýslunnar.
5. Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.
Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Mýrasýslu 9.—14. maí 1921.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 23. maí 1921.

G. Björnsson.

67
15. júní

Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2. nóvember 1917, fyrir Austur- Húnavatnssýslu.

Auglýsingagjald fyrir selt óskilafje skal hækka úr kr. 0.80 í kr. 1.10.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samþ. og samþykkt samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjer með.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnaráðsins, 15. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.